

Foreldraráð Núps - Fundargerð

Fundur nr.: 2 – skólaárið 2016/2017.

Staður: Núpaland 3

Dagsetning: 6. febrúar 2017.

Tími: 16.00

Fundarritari: Helga Dóra Magnúsdóttir

Mættir: Helga Dóra Magnúsdóttir, Tinna Finnsdóttir, Fríða Rúnarsdóttir, Hildur Jónsdóttir, Svana Kristinsdóttir leikskólastjóri og Bryndís Baldvinsdóttiraðstoðarleikskólastjóri

Dagskrá: Umsögn vegna starfsáætlunar.

Fundurinn var að mestu leyti til að ræða umsögn og samþykkt starfsáætlunar.

Einnig var mikið rætt um nýja fyrirkomulagið í hádegismatnum.

Þeir punktar sem Svana og Bryndís komu með varðandi nýja fyrirkomulagið í hádegismatnum, er :

- Fastir 4 starfsmenn sem sinna matnum og passa upp á ofnæmisbörn.
- Gengið mjög vel á þeirri tæpri viku sem flæðið hefur verið, aflappaðar og léttir á deildum, sem og minni hávaði er á matartíma.
- Minni matarsóun en samt er jafn mikið eldað og keypt inn.
- Færri börn í matsalnum, mesta lagi 22.
- Í mars verður farið í endurmat/umræður á matarflæðinu á deildarfundum þar sem starfsmenn geta komið á framfæri kostum og göllum á breytingunni.

Svana spurði hvort áhugi væri á því að foreldra gætu komið og fylgst með börnunum í hádeginu, komið og kíkt á þau. Það féll í góðan jarðveg og er áhugi fyrir því.

Samkomulag var um að kynna hefði mátt nýja fyrirkomulagið í hádegismatnum betur fyrir foreldrum foreldraráðs áður en breytingarnar tóku gildi, þar sem var búið að ákveða þessa breytingu fyrir tíð núverandi foreldraráð.

Annað sem var rætt var afmæli leikskólans, þegar boðið var upp á kleinur en ekkert í boði fyrir börn með mjólkuróþol. Talað um að boðið væri upp á kex fyrir þau börn sem mega ekki fá kleinu, en það var ekki í boði í þetta skiptið. Svana ætlaði að kanna hvað olli því og reyna að koma í veg fyrir að þetta komi fyrir aftur.

Í lok fundar var ákveðið að aðlaga umsögn í samræmi við umræður fundarins og samþykkja hana svo í framhaldinu og senda á Svönu.

Fundi lauk kl. 17:15